

**Mættir:** Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Hörður Oddfríðarson, Viktoría Gísladóttir, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Elsa María Guðmundsdóttir, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir og Bjarney Guðbjörnsdóttir, Árni Stefánsson

**Afboða, mæta ekki :** Oddur Örnólfsson

**Fundur 12.01.2022 settur kl. 18.00**

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

**2. Mót og starfsemi**

- a. Anton Sveinn Mckee og Snæfríður Sól Jórunnardóttir voru tilnefnd sundfólk ársins 2022 þann 19. des síðastliðin. Stjórn SSÍ óskar þeim til hamingju með titlana. Stefnt er að því að afhenda þeim viðurkenningar á RIG
- b. Bikarkeppnin fór fram í Reykjanesbæ í desember og gekk vel. Lið SH urðu bikarmeistarar í báðum deildum bæði karla og kvenna. Keppnin gekk vel þrátt fyrir vont veður á laugardeginum og fær ÍRB bestu þakkir fyrir samstarfið.
- c. Stjórn SSÍ hefur ákveðið að vera hluti af RIG í ár en áður var búið að ákveða að vera ekki hluti af leikunum. Aðkoma SSÍ verður með lágmarkshætti að þessu sinni en eftir leikana verður sest niður með fulltrúum frá ÍBR og framhaldið rætt.
- d. RIG í ár verður með stærra móti og eru yfir 180 erlendis keppendur skráðir til leiks. Búast má við að keppendur verði allt að 350 talsins frá 37 liðum. Undirbúningur er í fullum gangi og fór Leifur Guðni mótastjóri yfir stöðuna með fundarmönnum.
- e. Ekki er ljóst hversu mikið við fáum úr afreksjóði fyrir árið 2023 en við fengum þó bréf í desember þar sem okkur var tilkynnt að við fengum 20 m.kr og tilkynnt yrði síðar um loka úthlutun. Stjórn SSÍ harmar hversu lítill fyrirsjáanleiki er í rekstrinum þegar að mörg stór verkefni eru framundan og skorar í ÍSÍ að vera fyrr á ferðinni með upplýsingar sem lúta að fjármögnun íþróttahreyfingarinnar.
- f. Búið er að úthluta Covid styrkjum frá Menntamálaráðuneyti en styrkirnir voru ætlaðir að bæta íþróttahreyfingunni tekjutap sem hún varð fyrir á Covid tímum. Skila þurfti inn umsóknum í ágúst ásamt greinargerðum. SSÍ fékk 5 milljónir úr þessum úthlutunum.
- g. Framkvæmdastjóri og mótastjóri áttu óvæntan fund með Ásmundi Daða Einarssyni Mennta- og Barnamálaráðherra fyrr í vikunni þegar að ráðherra kíkti í heimsókn í hús ÍSÍ og tók fund með nokkrum sérsamböndum. Komið var inn á mál með ráðherra sem lúta að afreksstyrkjum, launum til afreksfólks, mannvirkjamálum og fleira.
- h. Lögð var fram tillaga að styrkjum til handa sundfólks sem er í hópunum okkar og þarf að sækja í afreksverkefni s.s æfingadaga á landsbyggðinni. Samþykkt var að greiða allt að 25 þúsund í hvert skipti allt að 4 sinnum á ári ef sækja þarf landsliðsverkefni/framtíðarhópur lengra en 150 km leið.
- i. Rætt var um hvaða dagssetning væri heppilegust fyrir sundþing 2023. Möguleikar voru ræddir en dagsetning verður ákveðin eigi síðar en á næsta fundi. Formaður og starfsfólk kemur með tillögu að dagssetningu.

### 3. Afreksmál

Góður árangur náðist á alþjóðlegu meistaramótunum fyrir áramótin, en keppt var á NM í Bergen þar sem við áttum 21 einstakling og HM í Melbourne þar sem við áttum 2 einstaklinga. Stór verkefni bæði tvö, Bergen þar sem 3 þjálfarar og 1 fararstóri var með í för, Melbourne þar sem 1 þjálfari og 1 sjúkrþjálfari var með í för.

Alþjóðleg meistaramót í desember 2022

- Norðurlandamótið í Bergen (NM)
  - 5 verðlaun (1 gull, 1 silfur og 3 brons), 4 unglunga og 1 fullorðins
  - 25 af 76 sundum í topp 6 (1/3)
  - Bætingar í 29 af 76 sundum 38,1% (kk 54% kvk 23%)
  - 11 íslensk met voru sett
    - 3 unglingamet
    - 4 aldursflokkamet
    - 4 boðsundsmet
- Heimsmeistaramótið í Melbourne (HM25)
  - 3 af 4 sundum á topp 16 (10, 11, 15, 18)
  - Bætingar í 2 af 4 sundum 50% (kk 0% kvk 100%)
  - 3 Íslandsmet
    - 100 skrið kvenna 53,21
    - 100 skrið kvenna 53,19
    - 200 skrið kvenna 1.55,34

Landsliðsverkefni í janúar og febrúar 2023

- 13-15.jan Styrktar mælingar hjá Gauta fyrir NM/HM sundfólk (21 stk.)
- 20-21.jan Æfingahelgi Framtíðarhóps í Laugardal (24 stk.)
- 31.jan – 2.febr Sundmælingar hjá Ragnar fyrir landsliðshópa í Laugardal (27 stk.)
- 2.febr Online fyrirlestur með Gauta, niðurstöður mælinga og góð ráð (sundfólk+þjálf.)
- 4.febr Fræðslu & æfingadagur landsliðshópa í Laugardal (26 stk.)
- 15-26.febr Æfingabúðir landsliðshópa í Tyrklandi (22 stk.)

### 4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

Fundur dómaranefndar nr 113 og nr 114.

### 5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Ásberg Halldór Hansson	Fjölnir	Ægir	30.11.2022	29.12.2022
Svava Björg Lárusdóttir	Fjölnir	Ægir	28.11.2022	27.12.2022

Staðfest

## 6. Staðfesting meta

### 25metra laug

#### Íslandsmet Konur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
100m skriðsund	Snæfríður Sól Jórunnardóttir	Álborg	00:53,19	14.12.2022	Melbourne
100m skriðsund	Snæfríður Sól Jórunnardóttir	Álborg	00:53,21	14.12.2022	Melbourne
200m skriðsund	Snæfríður Sól Jórunnardóttir	Álborg	01:55,34	18.12.2022	Melbourne

### 25metra laug

#### Íslandsmet Karlar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
--------	-------	--------	-------	-------	--------

#### Unglingamet strákar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
50m bringusund	Snorri Dagur Einarsson	SH	00:27,46	11.12.2022	Bergen
100m bringusund	Snorri Dagur Einarsson	SH	01:00,04	10.12.2022	Bergen
200m fjórsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	02:00,15	11.12.2022	Bergen
4x100m skriðsund	Sveit Íslands	ISL	03:26,79	12.12.2022	Bergen
4x200m skriðsund	Sveit Íslands	ISL	07:30,25	10.12.2022	Bergen
4x100m fjórsund	Sveit Íslands	ISL	03:43,72	11.12.2022	Bergen

#### Unglingamet stúlkur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
--------	-------	--------	-------	-------	---------

#### Aldursflokkamet stúlkur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m skriðsund	Vala Dís Cicero	SH	00:57,08	12.12.2022	Bergen
200m skriðsund	Vala Dís Cicero	SH	02:03,43	11.12.2022	Bergen
50m flugsund	Vala Dís Cicero	SH	00:28,35	11.12.2022	Bergen
100m flugsund	Ylfa Lind Kristmansdóttir	Árman	01:04,46	12.12.2022	Bergen

### Staðfest

## 7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
11.12.2022	Congress 22 -Treasurer	FINA
16.12.2022	Len Calendar revele	LEN
04.01.2023	Íþróttaping 2023	ÍSí
07.01.2023	Covid styrkur- Menntamálaráðuneytið	MRN
10.01.2023	Útbreiðslustyrkur sérsambanda	ÍSí
11.01.2023	Lífshlaupið	ÍSí

## 8. Önnur mál:

- Farið yfir verkefnisáætlun og samning Exertus vegna smíði og uppsetningar á notendaviðmóti fyrir SSÍ í Microsoft Dynamics kerfinu. Áætlunin var samþykkt.
- Rannís verður með kynningarfund þann 17. Janúar um Erasmus+ sem er styrkjakerfi fyrir íþróttir og íþróttafólk. Hörður Oddfríðarson mun sækja þennan fund fyrir hönd SSÍ
- Árlegur fundur NSF verður haldin í Helsinki 18. jan og munu Ingibjörg og Eyleifur sækja fundinn.
- Hörður Oddfríðarson fór yfir plön sem varða garpasund og samhæft sund.



e. Íþróttahótel ÍSÍ verður haldi daganna 5 – 6 maí n.k

**Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 20.00**